

# ÁRSSKIL

## Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2020

Gjalddagi virðisaukaskatts þeirra aðila sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattsskrá fyrir árið 2020 er 5. febrúar n.k. Virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjors á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2020 ber einnig að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Mikilvægt er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla). Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila. Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun leggst á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. sem er lögbundið gjald fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

### Rafræn skil aðila í ársskilum

Vakin er athygli á því að skila skal virðisaukaskattsskýrslu rafrænt á þjónustuvef embættisins, *skattur.is*, ásamt greiðslu. Skylda til rafrænna skila á virðisaukaskattsskýrslu gildir hvort heldur sem velta ársins var undir eða yfir þeim fjárhæðarmörkum sem ársskilin miðast við (4.000.000 kr.). Sótt er um rafræn skil á þjónustuvef ríkisskattstjóra, *skattur.is*.

Í undantekningartilvikum getur ríkisskattstjóri veitt heimild til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

### Skattskyld velta ársskilaaðila nær 4.000.000 kr.

Skil á virðisaukaskatti einu sinni á ári miðast við ársveltu undir 4.000.000 kr. Hafi skattskyld velta ársskilaaðila vegna ársins 2020 náð þessu veltumarki á uppgjörstímabilinu nóvember-desember 2020 getur hann þrátt fyrir það skilað rafrænni virðisaukaskattsskýrslu. Eftir að fjárhæðir hafa verið færðar á skýrsluna er hins vegar nauðsynlegt að staðfesta að velta ársins hafi náð umræddum veltumörkum. Í kjölfarið er skilamáta skattaðila breytt í almenn tveggja mánaða skil.

Hafi skattskyld velta ársins 2020 náð 4.000.000 kr. veltumarki ársskila fyrir 1. nóvember 2020 ber að skila virðisaukaskattsskýrslu, RSK 10.01, fyrir það uppgjörstímabil

sem veltan náði fjárhæðarmörkunum og eftir atvikum einnig fyrir þau almennu tveggja mánaða uppgjörstímabil sem eftir eru af árinu. Á skýrslu fyrir það uppgjörstímabil þar sem veltan náði 4.000.000 kr. ber að telja fram alla veltu ársins til og með þess uppgjörstímabils þegar veltumarkinu var náð sem og útskatt og innskatt fyrir sama tímabil. Skýrsluna má finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra: [skatturinn.is/atvinnurekstur/eydublod/2020](http://skatturinn.is/atvinnurekstur/eydublod/2020).

Ef krafa finnst ekki í heimabanka er hægt að greiða virðisaukaskatt fyrir eða á gjalddaga, og koma þannig í veg fyrir að álag reiknist, með því að greiða inn á reikning innheimtumanns ríkissjóðs: banki 0101, hb. 26, reikningsnúmer 85002 og kennitala 540269-6029. Kvittun með skýringu, þar sem fram komi kennitala skattaðila, virðisaukaskattsnúmer, uppgjörstímabil og ár, sendist á tölvupóstfangið 85002@skatturinn.is. Skatturinn, innheimtu- og skráasvið, er innheimtumaður ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu en utan þess eru það sýslumenn í hverju umdæmi og er einnig hægt að greiða inn á bankareikninga þeirra. Upplýsingar um reikningsnúmer innheimtumanna ríkissjóðs utan höfuðborgarsvæðisins er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra:

[skatturinn.is/innheimta/innheimta-skatta-og-gjalda](http://skatturinn.is/innheimta/innheimta-skatta-og-gjalda)

### Veltumörk fyrir árið 2021

Veltumörk ársskila fyrir árið 2021 nema 4.000.000 kr. og viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds eða greiddra launa 200.000 kr. Aðili sem er í tveggja mánaða skilum árið 2021 færast ekki í ársskil þó svo að velta hans sé undir 4.000.000 kr. ef reiknað endurgjald hans eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærrí á mánuði.

Minnt er á bæklinginn „Ársskil á virðisaukaskatti“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á [skatturinn.is](http://skatturinn.is). Einnig er vakin athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2021 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

**Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá Skattinum**